



**Ræða
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við opnun
Veraldar – húss Vigdísar og
Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum**

20. apríl 2017

Vigdís Finnbogadóttir,
rektor Háskóla Íslands,
aðrir góðir gestir

Tungumál ljúka upp heimum. Við fögnum því hér að nýtt hús Vigdísarstofnunar verður vígt í dag. Síðustu ár og áratugi hefur verið unnið að tungumálakennslu og rannsóknum við Háskóla Íslands í nafni Vigdísar Finnbogadóttur. Fyrr á tíð kenndi Vigdís landanum frönsku við góðan orðstír en helgaði sig einnig leikhúsinu, færði þangað erlenda strauma og fléttaði við íslenskan menningararf.

Því næst lá leiðin til Bessastaða. Við vitum ekki með vissu hvaða mál fólkið talaði sem forðum kom þar að ónumdu landi. Fyrstu aldirnar heyrðist þar örugglega norrænt mál en sjálfsagt keltneskt líka. Tungumál tengdu heima. Og einhver gaf býlinu þetta nafn, Bessastaði. Kannski kemur heitið úr heimi Kelta en kannski er það runnið frá Snorra Sturlusyni. Hann keypti staðinn og vera má að Snorri hafi kallað hina góðu bújörð Bersastaði eftir tengdaföður sínum, Bersa Vermundarsyni hinum auðga.

Hver veit nema Snorri hafi verið á Bersa- eða Bessastöðum þegar hann las sín latínurit, fékk innblástur og byrjaði að skrifa á íslensku um kringlu heimsins þá er mannfólkið byggir, með mörgum þjóðum og mörgum tungum. Öldum síðar var skóli stofnaður á hinu gamla stórbýli.

Sveinbjörn Egilsson færði okkur þá kviður Hómers á íslensku og tók saman Lexicon Poeticum um forníslenskt skáldamál. Tungumál luku áfram upp heimum.

Sá þráður hélst þótt skólahald legðist niður á Bessastöðum. Grímur Thomsen settist þar að, orti sín kvæði og þýddi auk þess heimsbókmenntir, Saffó, Goethe og marga fleiri. Áður hafði Grímur gert garðinn frægan í Danaveldi, kynnt Byron lávarð fyrir Dönnum og eignast H. C. Andersen að vini. Á Wikipediu les ég líka að eitt sinn hafi aðalsmaður frá Belgíu spurt Grím um Ísland og hvaða mál íbúarnir töluðu. Grímur Thomsen mun hafa svarað til að það væri íslenska, hin gamla norræna tunga Eddukvæðanna. Já, segir hinn, þið menntamennirnir. En hvaða mál talar skríllinn? Þá svaraði Grímur: Skríllinn, hann talar auðvitað belgísku.

Enn liðu árin og Ísland varð lýðveldi, Bessastaðir aðsetur þjóðhöfðingjans. Allir hafa fyrri forsetar borið hag íslensks máls fyrir brjósti en verið um leið vel mæltir á erlendar tungur, svarið sig í ætt við þá sem áður sátu staðinn.

Ekki er leiðum að líkjast. Þegar ég kom til Bessastaða í sumar sem leið var ég búinn að leggja minn skerf í þýðingasafnið; snaraði ungur að árum hryllingssögum hins bandaríska Stephens King yfir á íslensku, óvanur og lítt lærður – ekki beint Heimskringla, Hómer eða Goethe þar! Gætum okkur samt á því að gera ekki of mikinn greinarmun á meintri hámenningu og lágmenningu. Vísun slíku á bug eins og Grímur Thomsen gerði á sinni tíð.

Kæru vinir! Stofnanir eru góðra gjalda verðar en lífdagar tungumála ráðast samt utan þeirra. Síðast þegar ég kom hingað í Háskólabíó sótti ég tónleika hljómarsveitarinnar Skálmaldar. Liðsmenn hennar nýta sér sagnaarf okkar um æsi, jötna og vættir: „Vaskir menn á vígamóðri stund / og Valhöll bíður okkar allra þá,“ kyrja þeir og rymja líka hátt og snjallt: „Hlusti nú hver sem heyrir í mér / Hættuleg eru Loka börn.“ Enska væri þeim kannski vænlegri til vinsælda úti í heimi en á Youtube les maður reyndar þær athugasemdir erlendra aðdáenda að þótt þeir skilji ekki stakt orð í íslensku sé vandfundið betra mál fyrir víkingarokk, eins og kalla má þessa tegund tónlistar.

Já, tungumál ljúka alltaf upp heimum. En þau gera meira en það. Tungumál treysta líka böndin heima fyrir. Þetta sem ég segi nú má ekki verða að klisjukenndum frasa – en íslenskt mál er ein meginstoð íslenskrar þjóðar. Þess vegna er svo brýnt að þeir, sem koma hingað að utan og setjast hér að, nái að læra íslensku og verði studdir til þess. Þess vegna er svo brýnt að við getum notað íslensku í rafrænum heimi, að við

syngjum, rymjum og röppum á íslensku, og ekki síður að við getum lært og rannsakað önnur tungumál hér heima fyrir.

Kæra Vigdís: Það var í forsetatíð þinni að ég hóf nám í útlöndum, bjó þá ytra hér og þar. Hvert sem ég fór fylgdi mér þarfaping, hnausþykk ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi. Verkið kom út í árslok 1984 og í formála vitnaði höfundurinn Sören Sörensson í þessi orð þín í Alþingishúsinu það sumar þegar þú varst sett í embætti forseta Íslands öðru sinni:

Allar þjóðir eiga sér sjálfsmynd, sem ofin er úr mörgum þráðum. Einn aðalþráðurinn er fullvissa um hvar maður á heima. Að fara burt, þó ekki sé nema af bæ, og rata heim aftur. Á hverju skyldi sú ratvísi byggjast, – ratvísi Íslendinga, hvar sem hann er staddur í veröldinni, heim til Íslands? Það má engum óljóst vera að hið eina sanna sameiningartákn Íslendinga birtist í orðum skáldsins góða; ný sannindi og gömul í senn:

Land, þjóð og tunga, þrenning sönn og ein,
þér var ég gefinn barn á móðurkné;
ég lék hjá þér við læk og blóm og stein,
þú leiddir mig í orðs þíns háu vé.

Kæru vinir, góðir áheyrendur: Megi Vigdísarstofnun dafna og vaxa í hinum nýju og glæstu heimkynnum sínum. Megi þau vera opin og umlukin ferskum vindum. Í dag er sumardagurinn fyrsti, vorið er komið – eða kemur að minnsta kosti senn. Um þá árstíð kvað Heinrich Heine á sínum tíma. Ég setti „Frühling“ hans í „google-translate“ og fékk meðal annars ljóðlínurnar „skógurinn og sviðin eru græn / vorið er birt.“ Nei, við þurfum áfram að kunna ólíkar tungur, ekki síst svo að við getum ræktað okkar eigið mál. Má ég því frekar biðja um snilldartúlkun Jónasar á Heine sem við skulum allt eins hafa í huga þegar við göngum á eftir yfir í hús Vigdísarstofnunar:

Vorið góða, grænt og hlýtt,
græðir fjör um dalinn,
allt er nú sem orðið nýtt,
ærnar, kýr og smalinn.